

84 þegar þeim hefur ekki verið gjört að skyldu í byggingarbrjefum þeirra að viðhalda landamerkjum, á þann hátt að verk þau, sem þeir hafa unnið að setningu eða viðhaldi landamerkja fyrir leigujörðum þeirra, sjeu látni koma uppí jarðabætur þær, sem áskildar eru í byggingarbrjefum þeirra, þannig að þeim sje eptirgefinn svo mikill hluti af hinni áskildu jarðabótavinnu, sem samsvarar vinnu þeirra að landamerkjum jarðarinnar. Þegar aptur á móti er að ræða um yfirgripsmeiri landamerkjasetning, svo sem merkjagarða og merkjaskurði, þá ber samkvæmt landshöfðingjabrjefi 28. júlí 1882 að leita á venjulegan hátt styrks úr landssjóði til þess verks.

85 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald fyrir stolna peninga-póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. p. m., hafið þjer, herra póstmeistari, skýrt frá, að peningasending, sem nam 300 kr., frá Jakobi verzlunarstjóra Gunnlaugssyni á Raufarhöfn til Landmandsbankan í Kaupmannahöfn hafi verið afhent brjefhirðingamanninum á Raufarhöfn 6. febr. f. á. og afgreidd af honum með póstsendingaskrá til Grenjaðarstaðar, en að þessi peningasending hafi aldrei komið fram, og að fyrnefndur Jakob Gunnlaugsson, sem hafði greitt ábyrgðargjald undir peningasendinguna, krefjist skaðabóta úr póstsjóði fyrir missi hennar.

Þaræð það nú er sannað með eigin játningu fyrrum aukapósts Kristjáns Hjálmarssonar fyrir aukarjetti Þingeyjarsýslu, að hann hafi stolið áðurnefndri peningasendingu úr sjálfs síns hendi, á leiðinni frá Raufarhöfn til Grenjaðarstaðar og ónýtt póstsendingaskrána frá Raufarhöfn og ritað aðra póstsendingaskrá í hennar stað, parsem optnefnd peningasending ekki var tilgreind, þá verður ekki komið hjá að endurgjalda hlutaðeiganda missi hennar, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að borga honum samkvæmt tilskipun um póstmál 26. febr. 1872, 13. gr., 300 kr., og tilfæra þær sem gjald fyrir póstsjóðinn.

86 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um umbúning peningabrejfa, sem seðlar eru í. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. p. m., hafið þjer, herra póstmeistari, vakið máls á því, að eptir því, sem hinir nýju peningaseðlar, sem landsbankinn lætur úti, dreifast út um landið, þá megí búast við, að mikill hluti peninga þeirra, sem sendir verða með póstum innanlands eptirleiðis muni verða seðlar, en parsem engin regla sje sett í auglýsingu um póstmál 3. maí 1872 um það, hvernig eigi að búa um peningabrejfa, sem seðlar eru í, þó að það sje áriðandi bæði vegna þess sem peningana sendir, og vegna landssjóðsins, sem hefur ábyrgð á flutningi þeirra, að svo tryggilega sje um þá búið, að þeir glattist eigi eða skemmist í flutningnum, sem mjög sje hætt við eptir því hvernig tilhagar með póstflutninga hjer á landi, þá sje nauðsynlegt að settar sjeu reglur um, hvernig búa skuli um brjefpeninga, þegar þeir eru sendir með póstum, þannig að slíkum brjefum sje ekki veitt viðtaka til flutnings með póstum, nema þessum reglum sje fylgt.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra póstmeistari, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að reglur þær, sem settar eru í áðurnefndri auglýsingu 13. gr. 2., náí til þeirra peningabrejfa, sem brjefpeningar eru í, og að því beri að búa um slík brjef, einsogþar segir, eða þá á annan jafn tryggilegan hátt, svo-